



Þrjár vinkonur við veisluborðið. Boðið var upp á brauðertu, poppkorn og sólskinsdrykk sem er leyndblanda skólans, búin til úr alls kyns ávaxtasöfum.

Mynd: BG



Sannfærð um ágæti snacksins sem boðið var upp á í tilefni dagsins sýndi stúlk- an stolt blómkálsbita og annað niðurskorið grænmeti.

Mynd: BG

Kópavogur

Fyrsti heilsuleikskólinn!

Heilsuleikskólinn að Skólatróð í Kópavogi var formlega settur á laggirnar á föstudaginn var að viðstöddum mikilmönnum: Ingibjörgu Pálmadóttur, heilbrigðisráðherra, Ólafi Ólafssyni, landlækni, starfsfólki og foreldrum. Mest fór þó fyrir börnunum sjálfum sem nutu lífsins. Í heilsuleikskóla er lögð áherslu á næringu, hreyfingu og

listsköpun í leik. Fylgst er með félagslegum þroska og samskiptahæfni. Hvert barna fær heilsubók þar sem skráðar eru upplýsingar um þroska og annað sem skólinn leggur áherslu á. „Þannig er hægt að fylgjast með þroska hvers barns og örva það eftir því sem þarf,“ segir Unnur Stefánsdóttir leikskólastjóri.



Vikingaskípinu róðið - afturábak. Heilbrigð sál í hraustum líkama.

Mynd: BG



Íbyggin á svip rólaði sú stutta sér og söng Grýla píla.

Mynd: BG